

Góðan dag.

Takk fyrir jákvæð viðbrögð.

Þessir sjö kettir frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru semsagt fjórir kettlingar ca 10 vikna og tveir fullorðnir, sem birtust á Votumýri 1 (pnr. 804) og skv. beiðni þaðan voru þeir veiddir. Annar af fullorðnu kisunum sýndi hegðun eins og hann væri ekki alger villiköttur og var því auglýstur í viku með deilingum á allar helstu kisasíður en enginn vitjaði hans. Þessar kisu voru veiddar á tímabilinu 27. - 31.

ágúst.

Og svo var ungur kisi sem fór að venja komur sínar á Kálfhóli á Skeiðum (pnr. 804) og kom til okkar 18. nóv. skv. beiðni þaðan. Við auglýstum eins og fyrr og enginn vitjaði hans.

Við værum líka til að koma à fund og ræða við sveitarstjórn um hvernig svona málum skuli háttað. Ef ekki er gripið inn í þá eru svona mál fljót að vinda upp à sig. Óskum við eftir samstarfi og samtali um hvernig það megi vera.

Kærar kveðjur,

f.h. Villikatta Suðurlandi

Ása Nanna Mikkelsen og Guðný Tómasdóttir